

BORGARRÁÐ 26. september 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um notkun fjarfundabúnaðar til að fækka utanlandsferðum - R19090305

Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um fjölda fjarfunda/streyma sem borgarfulltrúar, embættismenn, yfirmenn og starfsmenn miðlægrar stjórnsýslu hafa valið að sitja í stað þess að taka sér ferð á hendur til að sækja fundi/ráðstefnur/námskeið á erlendri grund. Það er brýnt að borgarmeirihlutinn setji það sem reglur hjá sér að ávallt skal leita leiða til að funda í gegnum fjarfundarbúnaði þegar taka á þátt í alþjóðafundum. Senda þarf til alþjóðasamfélagsins þau skilaboð að Reykjavíkurborg óski eftir slíkri þátttöku í stað þess að mæta á staðinn. Komi slík skilaboð frá Reykjavíkurborg má gera því skóna að boðið verði upp á þennan möguleika í flest öllum tilfellum. Fjarfundur á að verða meginreglan og flugferð erlendis á fund þá undantekningin. Hér verða kostnaðar- og mengunarsjónarmiðum að vera haldið til haga í mun meira mæli en gert hefur verið.